



# PÉSI

**ATH!!**Næsti Pési kemur út í **okt.**Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. okt 2020**



**BÓKASAFN**

## Frá Bókasafni Hrunamanna




**BÓKASAFN**

Bókasafnið er áskrifandi að til dæmis tímaritinu Hús & híbýli, Gestgjafanum, Vikunni, Syrþunni og Rauðu seríunni svo það er alltaf eitthvað nýtt. Eins eru alltaf einhverjar nýjar og spennandi bækur á safninu til að lesa eða til að fletta og skoða.

### Bókasafnið er opið:

Mánudaga kl. 19-20  
Þriðjudaga kl. 16-18  
Miðvikudaga kl. 16-18  
Fimmtudaga kl. 11-13



Munið að skila safngögnum, skilalúgan er alltaf opin ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook



leitir.is



Gegnir

## Sundlaugin á Flúðum.

### Opnunartími:

Mánudaga - miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

föstudaga: 16:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Sept 2020  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

30. árgangur.  
352 tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

September er runninn upp og styttest í haustið og haustverkin. Lífið heldur áfram að vera skrátið út af Covid-19 og núna er búið að skemma fyrir okkur Uppskeruhátíðina og sem verra er réttirnar sjálfar. Réttir eru nefnilega meira en réttir því ég held stundum að þær séu samnefnari fyrir samfélagið og þeim sem tengjast því sterkum böndum. Þó þær séu kannski táknmynd eldri búhátta þá eru þær líka í dag jákvæð ímynd fyrir landsbyggðarsamfélög sem ákveðin tenging milli mismunandi samfélaga og nýtist vonandi til að tengja saman mismunandi menningu fólks á Íslandi sem sé dýrmætt að viðhalda.

Hin Covid áhrifin sem eru sífellt að koma betur í ljós eru bæði fjárhags- og samfélagsleg á samfélagið. Atvinnuleysi er alltaf afleitt og í Hrunamannahreppi er það núna um 6,4% og líklegt er að veturinn verði ekki skárri. Við sjáum síðan fjárhagsleg áhrif á marga og t.d. á rekstur sveitarfélagsins er nú verið að gera þriðja viðaukan á árinu við fjárhagsáætlun 2020 þar sem verið er að gera ráð fyrir lækkun á tekjum sveitarfélagsins. Það má búast við að í okkar tilfelli verði lækkun um 40-50 millj. þegar allt er talið en á móti glíma menn við kostnaðarauka sem sérstaklega stafa af nýjum kjarasamningum. Þrátt fyrir þetta bakslag held ég að við ættum að komast þokkalega út úr þessu að því gefnu að hjólin fari að snúast á nýju ári.

Ríkisstjórnin fundaði með sveitarfélögum á Suðurlandi, eins og frægt er orðið, í Rangavallasýslunni. Slíkir fundir eru mjög góðir til að setja ríkisvaldið beint inn í aðkallandi mál á svæðinu því þó við séum að kvarta yfir stöðunni þá eru það smámunir í samanburði við þau samfélög sem byggja undirstöður sínar mjög mikið á ferðaþjónustu eins og í Skaftafellssýslunum. Það er svo sem gömul saga og ný að ekki er gott að geyma öll eggin í sömu körfu nema maður sé eggjabóndi !!

Annars er jákvætt að ýmis starfssemi í sveitarfélaginu fer af stað án mikilla takmarkana. Skólarnir eru byrjaðir og litlar sem engar truflanir eru í starfsseminni þó allir þurfi að gæta sóttvarna. Nemendur í framhaldsskólum eru ekki eins heppnir en þeim sem eru í fjarkennslu hefur verið boðið að vera við nám í Stjörnusalnum í Félagsheimilinu milli 8:00-15:30 ef þau kjósa að breyta um umhverfi sem vonandi nýtist einhverjum í námi.

Sundlaug og íþróttahús eru með lítið truflaða starfssemi þó þeir sem stunda staðina þurfi líka að gæta að sóttvörnum og fara eftir ákveðnum sóttvarnareglum. Kórar og önnur félagastarfssemi á líka að geta farið af stað án mikilla vankvæða. Þessi reynsla kennir okkur kannski það að þessir litlu hlutir og oft sjálfsögðu lífsgæði sem við viljum eiga aðgang að eru ekki sjálfsögð en vonandi kunnum við betur að meta þau fyrir vikið.

Ýmsar framkvæmdir sveitarfélagsins hafa klárast þó einhver eftirvinna sé eftir. Borhola 09 á Flúðum er klár en við myndatöku á henni kom í ljós ýmis athyglisverð jarðfræði. Það er ljóst að undir Flúðum er á 400-500m dýpi soðið berg sem veldur vandræðum að virkja vatnssvæði sem virðast liggja á um 600m dýpi. Holan gefur ca. 20-25 sek/l sem koma inn á 300m dýpi en er þá tengt öðrum kerfum hitaveitunnar en síðan á eftir að koma betur í ljós þegar á reynir hvað heildaraukningin verður mikil. Þetta ætti að duga til að dekkja toppana í vetur en hins vegar þarf vegna frekari uppbyggingar að huga að frekari vatnsöflun fyrir hitaveituna.

Planið við félagsheimilið er klárt sem slíkt þó ýmis frágangur sé eftir og koma upp lýsingu við það. Þetta er mikill munur og síðan þegar hringtorgið vonandi klárast næsta sumar verður hægt að ganga frá sem flestum hlutum við félagsheimilið og við nýja götu sem tengist Túngötunni. Tengt þessu svæði þá er búið að breyta frísbýgolfvellið í Lækjargarðinum þannig að ekki þurfi að kasta yfir Hellisholtalækinn og vonum við að þessi breyting refsí spilurum ekki eins grimmt og verði fjölskylduvænni.

Framkvæmdir við lagningu ljósleiðara Hrunaljóss á Flúðum eru í fullum gangi og búið að semja við TRS að sjá um blástur og tengingar í hús. Gert er ráð fyrir að verklegum hluta ljúki um miðjan október og tengingum í desember. Það væri hins mjög gott ef einhverjir sem vilja tengjast ljósleiðaranum að láta okkur vita og skrá sig til að við getum græjað hlutina fyrir fólk.

Varðandi húsnæðismál þá er ánægjulegt að það virðast vera mikill áhugi á kaupum á fasteignum í Hrunamannahreppi og hvað Flúðir varðar hefur gengið vel að selja það sem byggt er. Það styttist síðan í það að við getum farið í útboð á 1. áfanga í Gröf/Laxárhlið sem mun auka lóðaframboð. Sveitarfélagið hefur síðan selt Ásastíg 7 en hugmyndin er síðan að skoða hvort sveitarfélagið eigi að eignast minni íbúðir sem henta betur í þeirri þjónustu sem sveitarfélagið vill veita.

Varðandi úrgangsmál þá hefur samningur um sorphirðu verið framlengdur um eitt ár við Íslenska gámafélagið en síðan þarf að fara í útboð á sorphirðunni. Sveitarfélögin í Uppsveitum eru að íhuga að skoða möguleika á því að bjóða sameiginlega út sorphirðu en þá sýnist okkur að flokkunarkerfin þyrftu að vera samræmdari. Þetta er málaflökkur sem mun þurfa áfram alla athygli okkar og við þurfum öll að hugsa hvað við getum gert til að minnka úrgang og flokka betur.

Njótum síðan haustsins saman og gerum gott úr erfiðum Covid kreðsum.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## Aðalfundarboð

# Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar

verður haldinn í húsi félagsins,  
að Smiðjustíg 8 Flúðum,  
sunnudagskvöldið 20.september kl 20:00.  
Dagskrá fundar er venjuleg  
aðalfundarstörf.

Allir velkomnir.  
*Stjórn Björgunarfélagsins Eyvindar*

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími .*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00  
og 13:00-16:00,*



Hrunamannahreppur



## Flokkunarhornið.

**Munið eftir að festa tunnur og huga að frágangi  
á ruslaskýlum fyrir veturinn.**



## Heilsudekur.

Ég býð upp á svæðanudd og regndropameðferð, sem er kjarnaolífunudd á háls, axlir, bak og fætur.

Hægt er að panta tíma símleiðis (861-8064), með einkaskilaboðum á Facebook eða með tölvupósti [siggathorst@gmail.com](mailto:siggathorst@gmail.com).

Ég hlakka til að heyra frá ykkur ☺

Með bestu kveðju,

Sigríður Thorsteinson

Svæðanuddari & Kjarnaolíumeðferðaraðili



**LANDSTÓLPI 20**  
ára  
—2000—2020—

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!  
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

**Flutningaþjónusta Unnars**

**Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)**

Sviðslistahópurinn CGFC kynnir leiksýninguna

# KARTÖFLUR



**GRÍMAN**  
ISLENSKU SVIÐSLISTAVERÐLAUNIN

Tilnefnt sem leikrit ársins  
á Grímunni 2020

**Laugardaginn 26. september**  
**í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum**

Lengd: 1 klst

Gætt verður að sóttvarnareglum  
og 2 metra reglu fylgt!

Fjölskylda Helgu Gísladóttur, Sölufélag Garðyrkjumanna og Hrunamannahreppur bjóða til leiksýningarinnar sem fjallar að nokkru leyti um Helgu Gísladóttur í Unnarholtskoti sem stofnræktaði Helgu kartöfluna. Leiksýningin hefst kl. 18.00. Verið velkomin.

**Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.**

**Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.**

**Vinsamlegast pantið tíma í síma**

**845-9816 Halyna.**



# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf



### Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

## Lyfja útibú Laugarási ATH! BREYTTUR OPNUNARTÍMI

Frá 7. sept 2020

mánud. – fimmtudaga: 10 - 16

föstudaga: 10 - 13





# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

Sumaropnun / Summer opening hours

Opið alla daga frá kl. 11-17:30.

Open everyday from 11am to 5:30pm



MELUM, FLÚÐUM  
HRUNAMANNAHREPP



Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/

# Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi  
í síma 4-800-900 eða á [slokkvitaeki@babubabu.is](mailto:slokkvitaeki@babubabu.is)



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI**  
**JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:**  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



**SJÁUM UM TEIKNINGU**  
**OG HÖNNUN**  
**RAFLAGNA**

**JENS PÉTUR JÓHANSSON**  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM**  
**STÆRRI VERKEFNI.**

**RÓBERT EINAR JENSSON**  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



Opið frá kl: 08:00-17:00

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



---

Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufræðingur  
Sími: 858-3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

---

SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2
Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
13:00 14:00		15:00 16:00		15:00 16:00		14:00 15:00		12:30 13:30	
Íþróttaskóli 1&2 bekkur		Kvk 7-8 flokkur		Minniþóti 3-6 bekkur		Tími eldri borgara		Íþróttaskóli 1&2.b	
14:00 15:00		16:10 17:30		16:20 17:30		15:00 16:00		13:30 14:40	
Eldri borg		Fimleikar		kk&kvk 9-10		kvk 7-8 flokkur		Minniþóti 3-6 bekkur	
15:00 16:00		17:30 19:00		17:30 19:00		16:00 17:30		14:40 16:00	
Fótbolti		KK 7-8 flokkur		kk&kvk 9-10 flokkur		KK & KVK 9-10 flokkur		7.-10.fl. ka og kvk	
16:10 17:10		19:00 20:30		19:00 20:30		17:00 18:30		16:00 17:30	
Fjálisar		Blak KVK		M.fl KK		KK 7-8 flokkur		Fjölskyldu títími	
17:10 18:30		20:30 22:00		20:30 21:30		18:30 20:00		18:00 19:30	
Fjálisar		Drengjafi & meistarafl		Karlasport		Blak KVK		M.fl KK	
19:00 20:30						20:00 21:30			
M.fl KK						Blak KK			
20:30 21:30		20:30 21:30		20:30 21:30		21:30 22:30			
Námskeið		Karlasport				Oldboys fótbolti			
21:30 22:30									
Blak KK									

### Tækjasalur:

Mán-fim: 16:00-21:30

Fös: 13:00-18:00

Opinn um helgar d  
það eru mót í húsinu.

Fylgist með á facebook :)

Athugið að taflan  
getur breyst.



Vegna breytinga í Heimalandi  
kjallara ætlum við að gefa bækur  
sem þar eru ef einhverjir vilja eiga  
þær. Hafa þá samband við .  
Möggu Emils 8684006 eða Möggu  
Óskars 8936606.

### **Frá félagi eldri Hrunamanna.**

Kæru félagar.

Fyrirhugað er að byrja í Heimalandi  
kjallara ef guð lofar þriðjudaginn  
6. október kl: 13.

Bestu kveðjur, stjórnin.

### **Frá bridgeklúbb Hrunamanna**

Bridgeið byrjar 29. september kl 19:30 í  
Félagsheimilinu ef ekkert breytist út af  
covid. Áhugasamir sem vilja læra  
eða rifja upp bridge takta geta haft  
samband við mig í síma 8980370,  
kær kveðja Stebbi



Nýlega var tekin í notkun ný brú yfir Blákvísl



Á dögnum fór fram formleg friðlýsing  
Kerlingarfjallasvæðisins. Mynd úr Ásgarði við það  
tækifæri





Malbikun við Félagsheimilið





Firmakeppni Smára var haldin með pomp og prakt þann 10 maí síðastliðinn. Fámennnt var en góðmennt, en á þessum tíma var samfélagið að koma sér í gang eftir fyrri bylgju Covid.

Við vorum heppin með veður og mótið fór vel fram. Við þökkum styrktaraðilum kærlega fyrir sinn stuðning.

Hér eru niðurstöður mótsins.

#### Barnaflokkur

1. Eyþór Ingi Ingvarsson og Bliki frá Dverghamri, 9 v rauður. Gefandi: Hrossaræktarbúið Vorsabæ 2

Hildur María Jóhannesdóttir og Frigg frá Hamraenda, 15 v jörp, keppti sem gestur.  
Gefandi: Hrossaræktarfélag Hrunamanna

#### Ungmennaflokkur

Einar Ágúst Ingvarsson og Gyðja frá Fjalli, 7 v brún. Gefandi: Hrutastían Ósabakka

#### Kvennaflokkur

1. Berglind Ágústsdóttir og Ísar frá Efra Langholti, 9 v rauðblesóttur. Gefandi: Þrándarholt sf.

2. Guðríður Eva Þórarinsdóttir og Vaka frá Ásbrú, 8 vetra brúntvístjörnótt. Gefandi: Skeiðhólmur 3 ehf

3. Eva Drommel og Elja frá Vorsabæ 2, 6 v brún. Gefandi Folaldafóðrunin Hrafnkelsstöðum

4. Hildur Benediktsdóttir og Þrymur frá Syðra-Langholti, 9 v brúnn. Gefandi: Norðurgarðar ehf

5. Kristín Magnúsdóttir og Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk, 8 v bleikur. Gefandi: Félagshemilið Flúðum

#### Karlaflokkur

1. Aron Ernir Ragnarsson og Váli frá Efra Langholti, 12 v jarpur. Gefandi: Guest house Saga Syðra-Langholti

2. Jón William Bjarkason og Eva frá Reykjadal, 7v móálótt. Gefandi: Akrílmálan ehf

3. Bjarni Birgisson og Urriði frá Blesastöðum 2A, 9 v brúnn. Gefandi: Bílar og lömb, Grafarbakka

4. Ingvar Hjálmarsson og Rökkva frá Fjalli, 7 v brún. Gefandi: Kílhraun.is  
Gunnar Örn Marteinsson og Gaukur frá Steinsholti, 8 v rauður. Gefandi Verslunin Árborg.

#### Heldri menn og konur

1. Heimir Gunnarsson og Viska frá Þúfu, 14 v rauð. Gefandi: Auðsholtsbúið

2. Elsa Ingjaldsdóttir og Veisla frá Syðra Langholti, 10 v bleikálótt. Gefandi: Bolette Hæli.

3. Guðbjörg Jóhannsdóttir og Teigur frá Ásatúni, 11 v jarpur. Gefandi: Ferðaþjónustan Steinsholti.

4. Halla Sigurðardóttir og Óskasteinn frá Hvítárholti, 10 v jarpur. Gefandi: Hvítárdalur

5. Hörður Úlfarsson og Fluga frá Auðsholti, 12 v brúnn. Gefandi: Skipholt 1





1. Akrílmálun ehf
2. Auðsholtsbúið
3. Ásatún
4. Ásólfstaðir Holiday home
5. Baldvin og Þorvaldur ehf
6. Birtingaholt 1
7. Bílar og lömb, Grafarbakka
8. Bjarni og Lára Blesastöðum 2A
9. Blesastaðir 1A
10. Bolette Hæli
11. Búgarðurinn Brúnum
12. Búið og gert ehf
13. Búnaðarfélag Gnúpverja
14. Búnaðarfélag Skeiðahrepps
15. Bær 2 hrossarækt
16. Efra-Langholt
17. Ferðaþjónustan Steinholti
18. Félagsheimilið Flúðum
19. Flúðajöfri
20. Flúðasveppir
21. Flúðaverktakar
22. Folaldafóðrunin Hrafnkelsstöðum
23. Fossi ehf
24. Fögrusteinar
25. Garðyrkjustöðin Melum
26. Gröfutækni
27. Guesthouse Saga Syðra-Langholti
28. Hagignúpur
29. Halla og Bikki Hæli
30. Harri Hamar, feti frammar
31. Hlemmiskeið 2 ehf
32. Hófadynur ehf
33. Hranfhildur og Oddur Stöðulfelli
34. Hraunteigur ehf
35. Hrepphólabúið
36. Hrossaræktarbúið Efri-Brúnavöllum 1
37. Hrossaræktarbúið Hlemmskeiði 3
38. Hrossaræktarbúið Hvammi 1
39. Hrossaræktarbúið Kálfhóli 2
40. Hrossaræktarbúið Miðfelli 5
41. Hrossaræktarbúið Vorsabæ 2
42. Hrossaræktarfélag Hrunamanna
43. Hrunamannahreppur
44. Hrutastían Ósabakka
45. Hulda og Dóri Hrepphólum
46. Hvítárdalur
47. Hænsnahöllin Húsatóftum
48. Ingvar og Svala Fjalli
49. Íþróttahúsið Flúðum
50. Vallarfox ehf Skeiðháholti
51. Jón og Þorgeir Efri-Brúnavöllum
52. Kerhólshestar ehf
53. Kílhraun.is
54. Kjöt frá Koti
55. Kópvatnsbúið
56. Kúabúið Stóru Mástungu
57. Landstólpi ehf
58. Magga og Palli, Núpstúni
59. Magnús Víðir Guðmundsson
60. Miðfellshestar, Adda og Einar Logi
61. Nagdýraræktun Svönu og Friðu
62. Norðurgarður ehf
63. Núpsverk
64. Ólafsvellir
65. Pizzavagninn
66. Rabarbía Löngumýri
67. Reiðskólinn Vestra-Geldingaholti
68. Reykir
69. Sauðakofinn Fossnesi
70. Sauðfjárabúið Syðra-Langholti
71. Sigurður Kárason, Öxl
72. Skarðsbúið
73. Skeiða- og Gnúpverjahrepp
74. Skeiðháholt 3 ehf
75. Skipholt 1
76. Steini og Steina Haukholtum
77. Steinholtarbúið
78. Strá ehf
79. Thelma og Sigrún Kálfhóli 2a
80. Tré og Straumur ehf
81. Túnsbergsbúið
82. Túnsberg, Bragi og Maja
83. Varmalækur
84. Verslunin Árborg
85. Vesturkot
86. Vélaverkstæði Einars
87. Vörðufell ehf
88. Þrándarholt f



## **KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA**

**Opið fimmtudaga - sunnudaga frá kl. 11.00 - 21.00**

*Lokað mánudaga til miðvikudaga*

**Open Thursdays to Sundays from 11.00 - 21.00**

*Closed Mondays - Wednesdays*

**Verið velkomin!  
Everyone welcome!**

<http://kaffisel.is>      Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)





## HRUNAPRESTAKALL

# Kirkjuskóli og hversdagsmessur á meðal nýmæla í helgihaldinu

Kæru sveitungar.

Að afloknu góðu sumri fer kirkjustarfið senn af stað. Kirkjuskóli, hversdagsmessur og ættjarðarlagamessa eru á meðal nýjunga í helgihaldinu á komandi vetri. Boðið verður upp á kirkjuskóla fyrir yngsta aldurshópinn fjóra laugardaga í september og október klukkan 11. Kirkjuskólinn verður starfræktur í Hrepphólakirkju og fyrsta samveran verður laugardaginn 21. september og síðan næstu þrjá laugardaga í framhaldinu. Fjölskylduguðsþjónusta sunnudaginn 20. október markar lok kirkjuskólans sem verður í umsjá Jónu Heiðdísar Guðmundsdóttur, djáknakandidats, og sóknarprests.

### **Hversdagsmessur á fimmtudagskvöldum**

Þá verða hversdagsmessur haldnar í öllum kirkjum prestakallsins nokkur fimmtudagskvöld í vetur kl. 20 en í þeim er ætlunin að brjóta hefðbundið messuform upp og bjóða upp á þægilega umgjörð þar sem fléttast saman orð, bæn og fallegur söngur. Fyrsta hversdagsmessan verður í Stóra-Núpskirkju fimmtudagskvöldið 17. nóvember. Ættjarðarlagamessa mun einnig prýða dagskrá helgihaldsins í vetur ásamt dægurlagamessu og kvöldmessu með léttri tónlist.

### **Fermingarstörfin rúlla af stað**

Fermingarstöfin hófust í ágústlok með fundi með foreldrum og væntanlegum fermingarbörnum og svo þátttöku þeirra í uppskerumessunni 31. ágúst sl. Fermingarfræðslutímarnir verða að venju á mánudögum í október og nóvember kl. 15-17 í safnaðarheimilinu í Hruna.

### **Takið frá pláss á ísskápnum!**

Dagskrá helgihaldsins í kirkjunum okkar verður að venju dreift í öll hús í prestakallinu um miðjan september og er þess vænst að hún fái sitt fasta pláss á ísskáp heimilisins eða minnistöfluu. Viðburði og helstu fréttir úr kirkjustarfinu má finna á fésbókarsíðu prestakallsins, [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall) og á heimasíðunni [hruni.is](http://hruni.is).

Með ósk um gleðilega réttardaga og gott haust!

Óskar Hafsteinn Óskarsson  
sóknarprestur

**80**  
**STAÐIR**  
UM LAND ALLT

**E** **EIMSKIP**  
Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.  
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.  
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning  
eða reglubundna flutningsþjónustu.

**E** **EIMSKIP**  
Flytjandi

Háhelvíð 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is